



Vinnuvernd er
allra hagur
ÁHÆTTUMAT
EFNA Á
VINNUSTAÐ



Lagarammi fyrri hættuleg efni á vinnustað

Helstu atriði

- Það er yfirgripsmikill lagarammi í Evrópusambandinu til að vernda starfsmenn fyrir áhættunni sem fylgir hættulegum efnum á vinnustað.
- Mikilvægustu hlutar löggjafarinnar á ESB-vísu eru rammatilskipunin í vinnuvernd, tilskipun um hvarfmiðla og tilskipun um efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi. Þessar tilskipanir og innleiðingar þeirra í landslög miða að því að draga úr váhrifum sem launþegar verða fyrir frá hættulegum efnum á vinnustað.
- Löggjöf á öðrum sviðum stuðlar einnig að því að draga úr áhættu frá hættulegum efnum á vinnustað, s.s. löggjöf ESB um efni og efnablöndur auk ESB- og alþjóðlegrar löggjafar um sorp, geymslu og flutning.
- Helsta áskorunin er að ná öflugri innleiðingu löggjafarinnar, þ.m.t. að fylgja reglunni að nota helst skilvirkustu ráðstafanirnar í forvarnarskyni.

Vinnuvernd er allra hagur áhættumat efna á vinnustað

Vinnuverndarstofnun Evrópu (EU-OSHA) verður með átak í allri Evrópu frá 2018 til 2019 til að stuðla að forvörnum gegn áhættunni sem fylgir hættulegum efnum á vinnustað. Markmiðið er að draga úr notkun og váhrifum frá hættulegum efnum á vinnustaðnum með því að auka vitund um áhættur og leiðir til að koma í veg fyrir þær.



Vandamálið

Hættuleg efni eru eitt stærsta vandamálið þegar kemur að öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Áhrifin af váhrifum frá hættulegum efnum eru allt frá tímabundinni og mildri heilsuskerðingu, s.s. húðertingu, til alvarlegra aðkallandi og langvinnra sjúkdóma, s.s. lungnasjúkdóma, og mögulega banvænna sjúkdóma, s.s. asbestveiki og krabbamein.

Þó nokkur hættuleg efni eru einnig eldfim eða sprengifim, og valda þannig frekari áhættu. Enn fremur hafa sum efni bráð eitrunar og banvæn áhrif t.d. gas sem verður til úr skólpi eða gas sem lekur úr kælikerfum.

Umfang löggjafar

ESB löggjöf er til staðar til að stjórna og draga úr hættunni sem steðjar að öryggi og heilbrigði á vinnustað. Með tilliti til hættulegra efna, er sértæk og miðlæg Evróputilskipun um hvarfmiðla (CAD) og tilskipun um efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi (CMD). Vinnuverndar (OSH) kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja eru settar fram í rammatilskipuninni.

Til eru sérstakar vinnuverndartilskipanir sem stjórna, t.d. váhrifum frá asbesti á vinnustað eða setja viðmiðunarmörk váhrifa fyrir tiltekin efni. Aðrar tilskipanir miða að því að vernda sérstaka hópa, t.d. konur sem eru ófrískar eða með barn á brjósti, frá vissum efnum.

Frekari upplýsingar um ESB löggjöf má finna á vefsíðu EU-OSHA (<https://osha.europa.eu/en/safety-and-health-legislation/european-directives>) eða á vefsíðu EUR-Lex: <http://eur-lex.europa.eu/homepage.html>

Helstu EU-OSH tilskipanir um hættuleg efni

Tilskipun 98/24/EC (Tilskipun um hvarfmiðla, CAD) frá 7. apríl 1998 varðandi verndun heilbrigðis og öryggis starfsfólks frá hættunum sem tengjast hvarfmiðlum á vinnustað

Tilskipun 2004/37/EC (tilskipun um efni sem eru krabbameinsvaldandi og stökkbreytandi, CMD) frá 29. apríl 2004 um verndun starfsfólks frá hættum sem tengjast váhrifum frá krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi efnum á vinnustaðnum

Tilskipun 89/391/EEC (vinnuverndarrammatilskipun) frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum — „Rammatilskipunin“

Önnur EU-OSH löggjöf um hættuleg efni

Tilskipun 92/85/EEC (Tilskipun um launþega sem eru ófrískir eða með barn á brjósti) frá 19. október 1992 um innleiðingu ráðstafanna til að hvetja til umbóta á öryggi og heilsu ófrískra launþega og launþega sem hafa nýlega fætt barn eða eru með barn á brjósti

Tilskipun 2009/148/EC (um váhrif frá asbesti í vinnu) frá 30. nóvember 2009 um verndun launþega frá hættunni sem tengist váhrifum frá asbesti í vinnu

Einnig eru ýmiskonar tilskipanir um bindandi og leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi <https://osha.europa.eu/en/legislation/directives/exposure-to-chemical-agents-and-chemical-safety>

Einnig er til staðar ESB-löggjöf um efni og tengdar upplýsingakröfur sem stuðla að öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum, þ.m.t. reglugerð um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablanda. Enn fremur eru tiltækar upplýsingar um efni á Evrópumarkaði undir REACH (skráning, mat, leyfisveiting og takmörkun á efnum) reglugerðinni. Þar að auki má aðeins nota efni og efnablöndur í samræmi við skilgreindan tilgang, og mörg efnasambönd eru háð takmörkunum á notkun eða notkun alveg bönnuð.

Upplýsingar um að helstu öryggis og heilbrigðiskröfur sem tengjast notkun efna þarf að miðla til fyrirtækja með öryggisblöðum. Öryggisblöð eru meðal mikilvægustu upplýsinga um efni og efnablöndur og ættu að gefa starfsmönnum þær upplýsingar sem þeir þurfa til að framkvæma áhættumat, upplýsa og leiðbeina starfsfólki, og taka upp viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu.

Reglugerðir um notkun efna

Reglugerð (EC) nr. 1907/2006 (REACH-reglugerðin) frá 18. desember 2006 varðandi *Skráningu, mat, leyfisveitingu og takmörkun á efnum (REACH)*. Reglugerðin um *öryggisgagnablöð* er hluti af REACH reglugerðinni; sjá titil IV, greinar 31-36

Reglugerð (EC) nr. 1272/2008 (CLP reglugerðin) frá 16. desember 2008 um *flokkun, merkingu og pökkun* efna og efnablanda, leiðbeiningar og yfirgripsmiklar upplýsingar eru tiltækar frá ECHE (Efnastofnun Evrópu): <https://echa.europa.eu/information-on-chemicals/cl-inventory-database>

Önnur viðeigandi löggjöf er til sem hefur áhrif á hættuleg efni, til dæmis tilskipun um úrgang, raf- og rafeindaúrgang, geymslu og flutning hættulegs farms og stórslysavarnir. Einnig margir hlutar umhverfis og vöru-sértækra löggjafa, t.d. rafhlöðu tilskipunin (2006/66/ESB).



Hvaða aðgerða krefst vinnuverndarlöggjöfin?

Grunnatríði

Rammatilskipunin skilgreinir grundvallar kröfur sem gerðar eru til skipulags vinnuverndar hjá fyrirtækjum. Þetta felur í sér að atvinnurekandi tilnefni fólk til ábyrgðar sk. öryggisvörður og starfsmann kjósar fulltrúa sinn, sk. öryggistrúnaðarmann. Fulltrúar þessir fá þjálfun í vinnuvernd og hafa lögboðna þátttöku- í skilgreiningu ferla um vinnuvernd og til að taka þátt í nefndum ef þess þarf, veita leiðbeiningar til sarfsmanna og stuðla að þjálfun þeirra, og taka þátt í framkvæmd og gerð áhættumats. Tæknilegum kröfum vinnuverndar er stjórnað með tilskipun um lágmarkskröfur til vinnuverndar, t.d. öryggi á byggingarvinnustað, brunavarnir, vinnurými, hiti og loftræsting o.fl. (tilskipun 1989/654/EEC frá 30. nóvember 1989 varðandi lágmarks öryggis- og heilbrigðiskröfur til vinnustaðar).

Upphafspunktur og lykill að bættu vinnuumhverfi og forvörnum er áhættumat. Öll fyrirtæki í Evrópu verða að framkvæma áhættumat í samræmi við Rammatilskipunina.

Áhættumat er fyrsta og stærsta skrefið í átt að forvörnum

Eins og kemur fram í löggjöf ESB og aðildarríkja, er áhættumat á vinnustaðnum algjör forsenda þess að forvarnir virki. Fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er hjálplegt að hluta áhættumatsferlinn niður í skref, sem gerir hann viðráðanlegri. Áhættumat fyrir hættuleg efni ætti að fela í sér eftirfarandi sjö skref:

1. Gera þarf birgðaskrá yfir hættuleg efni á vinnustað og þau sem verða til við vinnsluferli, þ.e.a.s. brennsluferli, dísilgufur í vöruhúsum, ryk frá borunum eða mölun (grjót, steinar, viður, málmur o.s.frv.), gufur frá logsuðu, rotnunar vörur frá endurvinnslu og sorpi o.s.frv.
2. Upplýsingum ætti að safna um tiltekna hættu, t.d. um efnavörur frá öryggisgagnablöðum og um efni sem verða til við vinnslu (https://oshwiki.eu/wiki/Process-generated_contaminants).
3. Váhrifin frá skilgreindum hættulegum efnum ætti að meta með því að skoða gerð, magn, lengd, tíðni og tilfelli váhrifa á starfsmenn.
4. Gera þarf aðgerðaáætlun sem útlistar skrefin sem þarf að taka, í forgangsrið, til að draga úr hættu sem starfsfólk verður fyrir. Hún ætti að tiltaka hver, hvernig og hvenær hvert skref skyldi taka. Fyrst þarf að skoða möguleikann á útrýmingu eða útskiptingu.
5. Áhættumat þarf einnig að ná til alls starfsfólks sem gæti af einhverjum ástæðum verið berskjaldað. Nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það og hverskonar frekari þjálfun og upplýsingar þarf að tiltaka. Starfsmenn geta enn fremur orðið fyrir váhrifum við framkvæmd viðhalds eða viðgerða, eða af slysi, til dæmis váhrif vegna mistilgits vara í efnaframleiðslu í ferli sem er venjulega lokað.
6. Áhættumatið ætti reglubundið að endurskoða og uppfæra.
7. Áhrif, lagfæringar og uppfærsla forvarnanna ætti að meta, og endurskoða reglulega og ávallt ef nauðsynlegt er.

Ókeypis gagnvirkt netverkfæri fyrir auðveldara áhættumat:

Vinnuvernd er allra hagur áhættumat efna á vinnustað netverkfæri: Gagnvirkt notendavænt verkfæri EU-OSHA, hannað til að hjálpa vinnustöðum að stjórna hættulegum efnum <https://eguides.osha.europa.eu/dangerous-substances>

OiRA: EU-OSHA býður upp á verkfæri fyrir hættumat á netinu í mismunandi geirum og starfsgreinum: það nær yfir mörg svæði, þ.m.t. hættu frá hættulegum efnum (á mismunandi tungumálum) <https://oiraproject.eu/oir-tools>

Frumskilyrði stjórnunar hættulegra efna: frá Heilbrigðis- og öryggisfulltrúa (HSE) í Bretlandi (á ensku) <http://www.hse.gov.uk/coshh/essentials/coshh-tool.htm>

EMKG: frá Öryggis- og heilbrigðisstofnun Þýskalands (BauA) (á ensku og þýsku) http://www.baua.de/en/Topics-from-A-to-Z/Hazardous-Substances/EMKG/EMKG_content.html

KemiGuiden: frá Prevent Sweden (á sænsku) www.kemiguide.se; www.kemiguide.dk

SEIRICH: frá Öryggis- og heilbrigðisstofnun Frakklands (INRS) (á frönsku) <http://www.inrs.fr/publications/outils/seirich.html>

Stoffenmanager: frá hollenskum samtökum; grundvallarútgáfan er ókeypis (á sex tungumálum) <https://stoffenmanager.nl>



Ráðstafanir sem skal grípa til eftir að hætta hefur verið einangruð og áhættumat hefur farið fram

Evrópsk vinnuverndarlöggjöf fyrirskipar „stigveldi“ ráðstafana til að koma í veg fyrir eða draga úr váhrifum sem starfsfólk verður fyrir frá hættulegum efnum (Grein 6 af tilskipun um hvarfmiðla). Þessi „fargangsörðun“ — eins og hún er kölluð í tilskipuninni — er einnig þekkt undir nafninu STOP-grundvallarreglan:

S = skipta út (e. *substitution*) (nær einnig yfir algjöra útrýmingu hættulegs efnis)

T = tæknilegar ráðstafanir (e. *technological*)

O = og skipulags ráðstafanir (e. *organisational*)

P = persónuhlífar (e. *personal protective measures*).

Svið atvinnu-, félagsmála og samfélagslegrar þátttöku gaf út leiðbeiningar: „Lágmörkun áhættu á heilbrigði og öryggi starfsmanna með útskiptingu á efnum“⁽¹⁾.

Ef ekki er hægt að útrýma eða skipta út efni eða ferli, má ef til vill koma í veg fyrir eða draga úr váhrifum með tæknilegum eða skipulagsráðstöfunum, s.s.:

- girða eða loka af framkvæmdina/ferlið til að forðast losun, t.d. frá opnu hreinsunarbaði;
- tæknilegum lausnum sem lágmarka þéttni á váhrifasvæðinu, t.d. dýfa í stað þess að úða eða betri loftræsting;
- skipulagsráðstafanir s.s. lágmörkun fjölda starfsfólks sem verður fyrir váhrifum með því að aðskilja vinnustaði betur, eða lágmarka tímalengd og magn váhrifanna.

Í sumum löndum eru tiltækar upplýsingar um stjórnunartækni (beinar ráðleggingar eða leiðbeiningablöð) fyrir venjuleg vinnuferli s.s. fyllingu, dælingu, borun, slípun og logsuðu⁽²⁾.


Ef ekki er hægt að nota þessar ráðstafanir, er síðasti valmöguleikinn notkun hlífðarbúnaðar og persónuhlífa (PPE). Persónuhlífar þarf að hanna þannig að það verndi starfsfólk frá váhrifum með „hámarks vernd“. Persónuhlífar þurfa að vera notendavænar og vel með farnar. Sérstakar ESB-reglugerðir eru til fyrir persónuhlífar (Reglugerð (EU) 2016/425 frá 9. Mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 89/686/EEC).

Aðildarríki og landslög

Þegar ESB gefur út tilskipanir, hafa aðildarríkin rétt á að láta fylgja með viðbótar ákvæði nákvæmari eða strangari ákvæði fyrir verndun starfsmanna, s.s. takmörkun á notkun sumra vinnuferla, þar sem samsvarandi tilskipanir setja oft aðeins lágmarkskröfur sem almennar fyrirskipanir.

Þar af leiðir að mörg ítarleg ákvæði fyrir vinnuverndarstjórnun hættulegra efna eru sett niður í landslögum eða -reglugerðum. Þess vegna er ráðlegt að **leita frekari útskýringa á kröfum í löggjöf hvers lands** í sambandi við notkun og stjórnun hættulegra efna á vinnustað.

STOP grundvallarreglan stigveldi forvarna:



Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar um hættuleg efni má fá á vefsíðu stofnunarinnar: <https://osha.europa.eu/en/themes/dangerous-substances>



¹ <https://publications.europa.eu/en/publication-detail/-/publication/c94c5caf-fca6-498e-8dff-f75c6e20147f>

² Sjá HSE UK fyrir blöð með beinum ráðleggingum: <http://www.hse.gov.uk/coshh/essentials>